

Framhaldsnefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur fjallað áfram um frumvarpið frá því að 2. umræða fór fram 7. desember sl. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 3. umræðu nema samtals 9.042,1 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2, þ.e. fjármálum ríkisaðila í A-hluta.

Tekjur hækka um 6.094 m.kr. við 3. umræðu en þar vegur hlutdeild fjármálastofnana í sérstökum vaxtaniðurgreiðslum til heimila langmest eða 6 milljörðum kr.

Tekjuafkoma ríkissjóðs í A-hluta verður 37,3 milljarðar kr. Heildartekjur eru áætlaðar 472,5 milljarðar kr. og heildargjöld 509,8 milljarðar kr.

Gerð er ein breytingartillaga við 5. gr. um hækkun lánsfjárheimilda um 6 milljarða kr. vegna áforma um vegaf framkvæmdir.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hlutans.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

00-201 Alþingi 4,0

1.10 Rekstur fasteigna
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Við 2. umr. var samþykkt að hagræðingarkrafa á Alþingi yrði lækkuð um 71 m.kr. og yrði þannig 60,5 m.kr. í stað 131,5 m.kr. Framlagið færðist á nokkra liði, ýmist til hækkunar eða lækkunar, en þar láðist að gera ráð fyrir 4 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs fasteigna. Er gerð tillaga um leiðréttingu á því og hefur hagræðingarkrafan þá verið lækkuð um framangreinda fjárhæð, 71 m.kr.

00-610 Umboðsmaður Alþingis 6,0

1.01 Umboðsmaður Alþingis
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um að dregið verði úr aðhaldskröfu og framlag þannig hækkað um 6 m.kr. Aukning hefur verið á kvörtunum og margvíslegum fyrirspurnum sem embættinu berast, m.a. í kjölfar áfalla í fjármálakerfi landsins haustið 2008. Þá hafa umboðsmanni Alþingis verið falin aukin verkefni með lögum nr. 86/2010, þ.e. að hafa eftirlit með því að stjórnsýslan fari fram í samræmi við siðareglur sem settar eru á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samtals æðsta stjórn ríkisins 10,0

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 10,0

1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til uppbyggingar í þjóðgarðinum og verndunar viðkvæmra svæða. Í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald er gert ráð fyrir nýrri gjaldheimtu á ferðamenn með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Áætlað er að tekjur af þessum gjöldum muni afla ríkissjóði um 400 m.kr. tekna á heilu ári. Gert er ráð fyrir að veitt verði samsvarandi framlög í fjárlögum til framangreindra verkefna og að 3/5 hlutar þeirra renni í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nýjan sjóð sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið, en 2/5 hlutar verði veittir til þjóðgarða og friðlýstra svæða sem heyra undir umhverfisráðuneytið og forsætisráðuneytið. Reiknað er með að gjaldtakan hefjist 1. september 2011 og að tekjurnar á síðasta ársfjórðungi næsta árs verði 94 m.kr.

Samtals forsætisráðuneyti 10,0

02-201 Háskóli Íslands 18,8

1.01 Háskóli Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að veitt verði 18,8 m.kr. framlag vegna fjölgunar ársnema um 20 í tæknifræðinámi á vettvangi Keilis samkvæmt samningi Keilis við Háskóla Íslands. Í fjárlögum fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir allt að 30 ársnema og verður þannig gert ráð fyrir greiðslum vegna allt að 50 ársnema.

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi 10,0

1.34 Háskólasetur Vestfjarða
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna samnings um meistaranám.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

02-319 Framhaldsskólar, almennt	3,8
1.31 Keilir, frumgreinanám og annað nám á framhaldsskólastigi	
<i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lagt er til að dregið verði úr aðhaldskröfu sem nemur 3,8 m.kr. Heildarfjárveiting verður þannig 102,1 m.kr. Að auki er gert ráð fyrir fjárveitingu á lið Háskóla Íslands, 02-201-1.01, vegna 50 ársnema í tæknifræðinámi á háskólastigi sem fer fram á vettvangi Keilis samkvæmt samningi milli Keilis og Háskóla Íslands. Nám á háskólastigi er á ábyrgð Háskóla Íslands.
02-319 Framhaldsskólar, almennt	50,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	
<i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag vegna nemendafjölda í framhaldsskólum.
02-901 Fornleifavernd ríkisins	16,1
1.01 Fornleifavernd ríkisins	
<i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 16,1 m.kr. tímabundið framlag sem skiptist þannig: Byggðasafnið Skagafirði, Tyrfingsstaðaverkefnið, 0,5 m.kr. Fornleifauppgröftur við Kolkuós, 2 m.kr. Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna, 2 m.kr. Fornleifarannsóknir á Hólum í Hjaltadal, 2 m.kr. Fornleifarannsóknir í Suður-Þingeyjarsýslu, 4 m.kr. Rannsóknir á menningarsögulegum minjum í Hringsdal, 1,2 m.kr. Reykjanesbær, fornleifarannsóknir í Höfnum, 1,2 m.kr. Úrvinnsla fornleifarannsóknna í Skálholti, 2 m.kr. Þorlákshúsið í Skálholti, 1,2 m.kr.
02-919 Söfn, ýmis framlög	5,0
1.90 Söfn, ýmis framlög	
<i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun safnliðarins. Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta: 1. tölul. verður svohljóðandi: Minjasafn Egils Ólafssonar. Við bætast tveir nýir liðir: Melrakkasetur, 3 m.kr. Eiríksstaðir í Haukadal, 2 m.kr.
02-919 Söfn, ýmis framlög	0,0
1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	
<i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Við 2. umr. var samþykkt 0,7 m.kr. lækkun á liðnum vegna breytinga á verðlagsforsendu frumvarpsins en þá láðist að gera ráð fyrir þeirri lækkun í 2. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta. Þar lækkar 12. tölul., Óskipt, um 0,7 m.kr. og verður 1,5 m.kr. og heildarfjárhæð liðarins 65,1 m.kr.
02-982 Listir, framlög	10,0
1.90 Listir	
<i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um að veita Bíói Paradís 10 m.kr. framlag. 5. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist í samræmi við það.
02-983 Ýmis fræðistörf	12,5
1.52 Skriðuklaustur	
<i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 12,5 m.kr. tímabundið framlag til Skriðuklaustursrannsóknna til viðbótar við 1 m.kr. framlag sem veitt var við 2. umr.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

02-988 Æskulýðsmál 2,0

1.17 Landssamband KFUM og KFUK

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til byggingar svefnskála við sumarþúðirnar við Hólavatn.

02-989 Ýmis íþróttamál 11,0

1.10 Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands. Þar af eru 5 m.kr. ætlaðar til reksturs og 5 m.kr. til ólympískra verkefna.

02-999 Ýmislegt 11,5

1.90 Ýmis framlög

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 13 m.kr. framlag sem skiptist á sex verkefni. Við 9. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætast tveir nýir liðir og fjórir liðir hækka þannig:
Art-verkefnið, 4,5 m.kr.
Kirkjubæjarstofa, 2,5 m.kr., verður 4,5 m.kr.
Kvenfélagasamband Íslands, rekstur, 1 m.kr., verður 4 m.kr.
Kvenréttindafélag Íslands, 1,5 m.kr., verður 2,5 m.kr.
Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna, 1 m.kr.
Sögufélag, 1 m.kr., verður 2,5 m.kr.

02-999 Ýmislegt 30,0

1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 30 m.kr. framlag vegna RES-orkuskóla. Annars vegar eru 15 m.kr. til að greiða skuld skólans við Háskólann á Akureyri og hins vegar 15 m.kr. til að unnt sé að útskrifa núverandi nemendur skólans. 10. tölul. í sundurliðun sérstakra yfirlita í A-hluta breytist í samræmi við það.

Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 179,7

06-190 Ýmis verkefni -15,0

1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg

Millifært
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Í tengslum við endurskoðun framsetningar vegna sameiningar ráðuneyta er lagt til að 15 m.kr. fjárheimild sem samþykkt var við 2. umr. á þessu viðfangi flytjist á viðfangið 06-390-1.41 Slysavarnafélagið Landsbjörg.

06-190 Ýmis verkefni 25,0

1.90 Ýmislegt

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag til löggæslu og mannréttindamála.

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál 15,0

1.41 Slysavarnafélagið Landsbjörg

Millifært
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Í tengslum við endurskoðun framsetningar vegna sameiningar ráðuneyta er lagt til að 15 m.kr. fjárheimild sem samþykkt var við 2. umr. á þessu viðfangi flytjist á viðfangið 06-390-1.41 Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Samtals dómsmála- og mannréttindaráðuneyti 25,0

Skýringar á breytingartillögum við sundurliðun 2.

07-331 Vinnueftirlit ríkisins	15,0
1.01 Vinnueftirlit ríkisins <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til stofnunarinnar.
07-827 Lífeyristryggingar	150,0
1.11 Ellilífeyrir <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 150 m.kr. verðbætur á grunn ellilífeyris.
07-827 Lífeyristryggingar	200,0
1.15 Örorkulífeyrir <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 200 m.kr. verðbætur á grunn örorkulífeyris.
07-827 Lífeyristryggingar	0,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Hækkun á framlagi ríkissjóðs vegna aukinna útgjalda á lið lífeyristrygginga.
07-980 Vinnumálastofnun	0,0
1.01 Vinnumálastofnun <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lagt er til að veittar verði 55 m.kr. til Vinnumálastofnunar til að koma í framkvæmd aðgerðum til að bregðast við vanda ungs fólks í atvinnuleit. Í verkefninu felst að ungmennum á aldrinum 18-24 ára er boðið starf, námstækifæri, námsþjálfun eða önnur verðug verkefni innan þriggja mánaða frá skráningu á atvinnuleysisrá. Sértekjur stofnunarinnar hækka að sama skapi um 55 m.kr. og eru því heildaráhrif þessara breytinga á útgjöld engin.
07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður	180,0
1.11 Atvinnuleysisbætur <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 180 m.kr. hækkun á fjárheimild sjóðsins þar sem kostnaður sjóðsins hækkar í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Áætlað er að ákvæði um tilfallandi veikindi í allt að fimm daga á tímabili virkrar atvinnuleitar geti leitt til 30 m.kr. viðbótarútgjalda hjá sjóðnum. Þá er áætlað að ákvæði um hlutaatvinnuleysisbætur leiði til 40 m.kr. kostnaðarauka en gert er ráð fyrir að það skilyrði að starfshlutfall launafólks verði að skerðast um 30% hið minnsta í stað 20% áður eigi eingöngu við um þá sem sækja um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V í fyrsta skipti í 1. janúar 2011 eða síðar. Sú breyting að færa til dagsetninguna 1. maí 2008 til 1. mars 2008 leiðir til 110 m.kr. viðbótarútgjalda frá því sem áður hefur verið áætlað.
07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður	55,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar <i>Millifært</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lagt er til að millifærðar verði 55 m.kr. af liðnum 07-984-1.35 en framlagið er til aðgerða til að bregðast við vanda ungs fólks í atvinnuleit á vegum Vinnumálastofnunar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður -55,0

1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði

Millifært

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Lagt er til að millifærðar verði 55 m.kr. á liðinn 07-984-1.15 til að koma í framkvæmd aðgerðum til að bregðast við vanda ungs fólks í atvinnuleit.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi 40,0

1.90 Ýmis framlög

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Gerð er tillaga um 40 m.kr. tímabundið framlag vegna málefna barna og ungmenna og breytist 14. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta í samræmi við það.

Samtals félags- og tryggingamálaráðuneyti 585,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi 0,0

1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Við 2. umr. var samþykkt 0,7 m.kr. lækkun á liðnum vegna breytinga á verðlagsforsendu frumvarpsins en þá láðist að gera ráð fyrir þeirri lækkun í 17. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta. Þar lækkar 8. tölul., Óskipt, um 0,7 m.kr. og verður 3,8 m.kr. og heildarfjárhæð liðarins 58,9 m.kr.

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ 15,0

1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til reksturs á sérhæfðri deild fyrir ungt fólk með heilaskaða.

08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands -25,3

1.10 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Lögð er til 25,3 m.kr. lækkun á fjárveitingu til félagsins sem er til viðbótar við 39 m.kr. lækkun sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Samtals er því lögð til 64,3 m.kr. lækkun á fjárheimildum til stofnunarinnar.

08-700 Heilbrigðisstofnanir 35,2

1.01 Almennur rekstur

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Lögð er til 35,2 m.kr. millifærsla yfir á liðinn 08-781-1.11 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum til að mæta lækkun á hagræðingarkröfu á sjúkrasviði stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpi í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana.

08-700 Heilbrigðisstofnanir 60,0

1.01 Almennur rekstur

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Gerð er tillaga um 60 m.kr. tímabundið framlag vegna heilbrigðisstofnana.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki 16,4

1.01 Heilsugæslusvið

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Gerð er tillaga um 16,4 m.kr. hækkun á framlagi til Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki til viðbótar við hækkun sem samþykkt var við 2. umr. til að mæta lækkun á hagræðingarkröfu. Þannig lækkar hagræðingarkrafan um samtals 168,5 m.kr. Þar af eru 46,1 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, 51,6 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar og 70,8 m.kr. til að koma í veg fyrir að stofnunin mæti meiri samdrætti en sem nemur 10% frá gildandi fjárlögum.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga 18,5

1.01 Heilsugæslusvið
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 18,5 m.kr. hækkun á framlagi til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga til viðbótar við hækkun sem samþykkt var við 2. umr. til að mæta lækkun á hagræðingarkröfu. Þannig lækkar hagræðingarkrafan um samtals 285,4 m.kr. Þar af eru 144 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, 58,9 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar og 82,5 m.kr. til að koma í veg fyrir að stofnunin mæti meiri samdrætti en sem nemur 10% frá gildandi fjárlögum.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum 113,0

1.01 Heilsugæslusvið
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 113 m.kr. hækkun á framlagi til heilsugæslusviðs Heilbrigðisstofnunarinnar Vestmannaeyjum og er hluti framlagsins, 35,2 m.kr., millifærður af liðnum 08-700-1.01. Á Heilbrigðisstofnuninni Vestmannaeyjum lækkar hagræðingarkrafan á öllum sviðum stofnunarinnar um samtals 119,4 m.kr. Þar af eru 104,2 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, 15,2 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum 6,4

1.11 Sjúkrasvið
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. hækkun á framlagi til sjúkrasviðs Heilbrigðisstofnunarinnar Vestmannaeyjum.

Samtals heilbrigðisráðuneyti 239,2

09-210 Ríkisskattstjóri 10,0

1.41 Skattvinnslukerfi
Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. tímabundið framlag til liðarins. Í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald er gert ráð fyrir nýrri gjaldheimtu á ferðamenn með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Reiknað er með að gjaldtakan hefjist 1. september 2011 en gert er ráð fyrir að fyrsta árið sem þessi gjöld verða innheimt falli til samtals 14 m.kr. tímabundinn stofnkostnaður hjá tollstjóra og ríkisskattstjóra vegna innleiðingar gjaldtökunnar. Þar af er 10 m.kr. einskiptiskostnaður hjá ríkisskattstjóra vegna breytinga á tölvukerfum og útgáfu skýrslu og leiðbeiningar- og kynningarefnis.

09-262 Tollstjórinn 4,0

1.45 Tollafgreiðslukerfi
Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. tímabundið framlag til liðarins. Í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald er gert ráð fyrir nýrri gjaldheimtu á ferðamenn með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Reiknað er með að gjaldtakan hefjist 1. september 2011 en gert er ráð fyrir að fyrsta árið sem þessi gjöld verða innheimt falli til samtals 14 m.kr. tímabundinn stofnkostnaður hjá tollstjóra og ríkisskattstjóra vegna innleiðingar gjaldtökunnar. Þar af er 4 m.kr. einskiptiskostnaður hjá tollstjóra vegna aðlögunar á tölvukerfum, auk auglýsingar- og kynningarefnis.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

09-821 Vaxtabætur **1.900,0**

1.11 Vaxtabætur
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 1.900 m.kr. Árin 2009 og 2010 voru allar viðmiðunarfjárhæðir við greiðslur vaxtabóta hækkaðar tímabundið um 30% sem hluti af ráðstöfunum stjórnvalda til að bæta stöðu skuldsettra heimila. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011 var gert ráð fyrir að þessi hækkun gengi til baka vegna aðhaldsráðstafana. Með þessari tillögu er fallið frá þessum áformum í tengslum við nýtt samkomulag ríkisstjórnarinnar við lánastofnanir og lífeyrissjóði um víðtækar aðgerðir vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Jafnframt er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á greiðslu almennra vaxtabóta þannig að þær komi í auknum mæli til móts við heimili með þunga skuldabyrði og lágar og miðlungstekjur og er nú unnið að útfærslu þessara breytinga.

09-821 Vaxtabætur **6.000,0**

1.15 Sérstakar vaxtaniðurgreiðslur
Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 6.000 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár á nýju viðfangsefni fyrir sérstakar vaxtaniðurgreiðslur. Í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við lánastofnanir og lífeyrissjóði um víðtækar aðgerðir vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna er fyrirhugað að nýtt tímabundið úrræði verði mótað til að greiða niður vaxtakostnað vegna fasteignalána. Gert er ráð fyrir að niðurgreiðslan verði almenn, óháð tekjum, en falli niður þegar hrein eign skuldara er umfram tiltekin mörk. Unnið er að nánari útfærslu á þessu fyrirkomulagi með það að markmiði að þetta nýja úrræði verði í gildi árin 2011 og 2012. Fyrirhugað er að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir fjármagni þessar vaxtaniðurgreiðslur samkvæmt nánara samkomulagi og er því gert ráð fyrir jafnmikilli hækkun tekna frá þeim aðilum á tekjuhlíð frumvarpsins þannig að þessi ráðstöfun hafi ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Samtals fjármálaráðuneyti 7.914,0

10-190 Ýmis verkefni **0,0**

1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Við 2. umr. var samþykkt 0,1 m.kr. lækkun á liðnum vegna breytinga á verðlagsforsendu frumvarpsins en þá láðist að gera ráð fyrir þeirri lækkun í 18. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta. Þar lækkar 5. tölul., Óskipt, um 0,1 m.kr. og verður 0,7 m.kr. og heildarfjárhæð liðarins 15,7 m.kr.

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta **-180,0**

1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lögð er til 180 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins vegna aðhaldsaðgerða. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að hækkun gjalda á áfengi og tóbak mundi skila um 1.000 m.kr. í tekjur en nú er gert ráð fyrir að sú hækkun verði minni en áformað var og að tekjuaukinn verði 700 m.kr. lægri eða samtals um 300 m.kr. Fyrirhugað var að lækka framlag til starfsemi ISAVIA ohf. um 300 m.kr. við 2. umr. Þar sem gera má ráð fyrir að þessu verði mætt að einhverju marki með hækkun þjónustugjalda félagsins og verðlagningar í vörusölu er nú lagt til að lækkun á framlagi nemi ekki 300 m.kr. heldur 180 m.kr. til að komist verði hjá því að hækka verð á innanlandsflugi umtalsvert.

Samtals samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti -180,0

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

140,0

1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

Lögbundið

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lögð er til 140 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er m.a. gert ráð fyrir að 4 mgr. 11. gr. laganna falli niður en þar er kveðið á um endurgreiðslur á hluta virðisaukaskatts vegna sölu á heitu vatni og/eða rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns. Ljóst hefur verið í nokkurn tíma að endurskoða þurfi endurgreiðslur þessar þar sem veitur hafa breyst, þær verið sameinaðar og nýjar verið stofnaðar. Iðnaðarráðuneytið hefur látið gera nýja útreikninga samkvæmt reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslur virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns og kom þá í ljós að engin af hitaveitunum á lengur rétt til endurgreiðslu. Það skýrist af því að hlutfall virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns hefur lækkað úr 14% í 7% en hámark endurgreiðslunnar er enn þá 11% af vagnu meðalverði. Rafhitun og kyntar veitur eiga rétt á endurgreiðslu en í nokkuð lægra hlutfalli en áður. Þar sem ljóst er að upphaflegu forsendurnar fyrir þessu endurgreiðslukerfi eru brostnar er því sem fyrr segir gert ráð fyrir að þessi endurgreiðsluheimild verði felld niður og hitun húsa og laugarvatns á landsbyggðinni styrkt samkvæmt nánari ákvörðun iðnaðarráðuneytisins sem hefur forræði á málefnum veitna. Framlagi þessu er því ætlað að koma í veg fyrir að kostnaður vegna rafhitunar og kyntra veitna aukist í kjölfar þessara formbreytinga. Gera má ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs muni aukast sem þessu framlagi nemur vegna niðurfellingar á endurgreiðsluheimildinni sem gerir það að verkum að afkoma ríkissjóðs verður óbreytt eftir sem áður.

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

40,0

1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Gerð er tillaga um 40 m.kr. framlag til niðurgreiðslu á rafhitun.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

11-511 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

48,0

6.41 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Lögbundið

Samþykkt af Ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 48 m.kr. framlag til þessa nýja fjárlagaliðar. Í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald er gert ráð fyrir nýrri gjaldheimtu á ferðamenn með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Gert er ráð fyrir að tekjur af þessari gjaldheimtu muni afla ríkissjóði um 400 m.kr. á ársgrundvelli og er þá miðað við fjölda farþega með skemmtiferðaskipum, farþegaskipum og flugförum og fjölda gistinátta á árinu 2009. Gert er ráð fyrir að veitt verði samsvarandi framlög í fjárlögum til framangreindra verkefna og að 3/5 hlutar þeirra renni í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nýjan sjóð sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið, en 2/5 hlutar verði veittir til þjóðgarða og friðlýstra svæða sem heyra undir umhverfísráðuneytið og forsætisráðuneytið. Samkvæmt frumvarpi um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi fjóra fulltrúa í stjórn sjóðsins sem geri tillögu til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum en honum er ætlað að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt auk þess að tryggja öryggi ferðamanna og verndun náttúru landsins. Reiknað er með að gjaldtakan hefjist 1. september 2011 og er áætlað að tekjurnar á síðasta ársfjórðungi næsta árs nemi um 94 m.kr. Gert er ráð fyrir að fyrsta árið sem þessi gjöld verða innheimt verði veitt framlag í fjárlögum sem svari til 14 m.kr. af tekjunum til að mæta tímabundnum stofnkostnaði viðkomandi innheimtuaðila, þ.e. tollstjóra og ríkisskattstjóra, vegna breytinga á tölvukerfum og útgáfu. Að teknu tilliti til þessa er gert ráð fyrir 48 m.kr. framlagi til Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustustaða á árinu 2011.

11-599 Ýmis ferðamál

1,7

1.90 Ýmis ferðamál

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Gerð er tillaga um 1,7 m.kr. framlag til Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu og breytist 21. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta í samræmi við það.

Samtals iðnaðarráðuneyti 229,7

14-190 Ýmis verkefni

2,0

1.44 Skógræktarfélag Íslands

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi til Skógræktarfélags Íslands.

14-190 Ýmis verkefni

5,5

1.90 Ýmis verkefni

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Gerð er tillaga um 5,5 m.kr. hækkun á liðnum. Þar af eru 4 m.kr. ætlaðar til Grænafánaverkefnis Landverndar til viðbótar við 2 m.kr. framlag við 2. umr. og 1,5 m.kr. eru ætlaðar verkefninu Jarðvangur á Suðurlandi. 23. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist í samræmi við það.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

14-211 Umhverfisstofnun 5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði <i>Lögbundið</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Gerð er tillaga um 2 m.kr. framlag til að stuðla að uppbyggingu og viðhaldi á friðlýstum svæðum. Í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald er gert ráð fyrir nýrri gjaldheimtu á ferðamenn með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Áætlað er að tekjur af þessum gjöldum muni afla ríkissjóði um 400 m.kr. tekna á heilu ári. Gert er ráð fyrir að veitt verði samsvarandi framlög í fjárlögum til framangreindra verkefna og að 3/5 hlutar þeirra renni í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nýjan sjóð sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið, en 2/5 hlutar verði veittir til þjóðgarða og friðlýstra svæða sem heyra undir umhverfissráðuneytið og forsætisráðuneytið. Reiknað er með að gjaldtakan hefjist 1. september 2011 og að tekjurnar á síðasta ársfjórðungi næsta árs verði 94 m.kr.</p>	2,0
14-212 Vatnajökulspjóðgarður 1.01 Vatnajökulspjóðgarður <i>Millifært</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	<p>Lagt er til að framlag til framkvæmda í þjóðgarðinum verði lækkað um 5 m.kr. og rekstrarframlag hækkað jafnmikið á móti. Við 2. umr. var sambærileg tillaga um 25 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi og lækkingu á framlagi til framkvæmda. Tillagan var gerð samhliða annarri tillögu um 15 m.kr. aukið rekstrarframlag og saman er þeim ætlað að byggja upp og efla þjónustu í þjóðgarðinum.</p>	5,0
14-212 Vatnajökulspjóðgarður 6.41 Framkvæmdir <i>Millifært</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	<p>Lagt er til að framlag til framkvæmda í þjóðgarðinum verði lækkað um 5 m.kr. og rekstrarframlag hækkað jafnmikið á móti. Við 2. umr. var sambærileg tillaga um 25 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi og lækkingu á framlagi til framkvæmda. Tillagan var gerð samhliða annarri tillögu um 15 m.kr. aukið rekstrarframlag og saman er þeim ætlað að byggja upp og efla þjónustu í þjóðgarðinum.</p>	-5,0
14-212 Vatnajökulspjóðgarður 6.41 Framkvæmdir <i>Lögbundið</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til uppbyggingar og viðhalds í þjóðgarðinum. Í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald er gert ráð fyrir nýrri gjaldheimtu á ferðamenn með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Áætlað er að tekjur af þessum gjöldum muni afla ríkissjóði um 400 m.kr. tekna á heilu ári. Gert er ráð fyrir að veitt verði samsvarandi framlög í fjárlögum til framangreindra verkefna og að 3/5 hlutar þeirra renni í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nýjan sjóð sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið, en 2/5 hlutar verði veittir til þjóðgarða og friðlýstra svæða sem heyra undir umhverfissráðuneytið og forsætisráðuneytið. Reiknað er með að gjaldtakan hefjist 1. september 2011 og að tekjurnar á síðasta ársfjórðungi næsta árs verði 94 m.kr.</p>	20,0

Samtals umhverfissráðuneyti 29,5

Samtals öll ráðuneyti 9.042,1

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjöllum.

Alþingi, 14. des. 2010.

Oddný G. Harðardóttir,
form., frsm.

Björn Valur Gíslason.

Árni Þór Sigurðsson.

Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Þuríður Backman.

Ólína Þorvarðardóttir.